



Reykjavík, 25. nóvember 2025


USK25090207

Jöfursbás 11, Gufunes – fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Lög er fram fyrirspurn Páls Gunnarssonar um breytingu á lóðamörkum við Jöfursbás 11, fyrir hönd húsfélags Jöfursbásar 11.

Stutt lýsing á erindi

Lóðamörkin okkar við sjóinn líta mjög skringilega út og myndum við vilja breyta þeim í beina línu. Það stækkar svæðið okkar lítillega en ekki mikið. Við viljum í þessari línu setja beð og runna. Auka þannig skjól fyrir íbúa, byggingu og annan gróður sem dafnar annars ekki. Vegna skipulags skortir sólarljós í margar íbúðir og er því miður skuggi líka í garðinum. Á þessari mjóu ræmu sem myndi bætast við skín samt sól og væri hægt að setja bekki þar svo íbúar geti notið einhvern sólar. Sjá meðfylgjandi skýringarmynd frá Garðlist.



Skipulag í gildi



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, deiliskipulagið Gufunes áfangi 1 ásamt síðustu breytingum fyrir Jöfursbás 11.

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Gufunes í borgarhluta 8. Grafarvogi og deiliskipulagssvæðið hluti af miðsvæði (M24) þar sem einkum er gert ráð fyrir starfsemi á sviði afþreyingar- og kvikmyndaiðnaðar og þjónustu tengdri slíkri starfsemi.



Deiliskipulag/ Hverfaskipulag: Í gildi er deiliskipulagið Gufunes, áfangi 1, samþykkt í borgarráði 21.02.2019 ásamt síðari breytingum.

Umsögn og niðurstaða

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að breyta lóðamörkum við Jöfursbás 11 þannig að lóðin stækki lítillega til norðurs svo hægt sé að koma fyrir gróðurbeði, runnum og bekk á sólríkum stað.

Neikvætt er tekið í stækkun á lóð við Jöfursbás 11 fyrir gróðurbeð þar sem huga þarf að heildarsamhengi við frágang borgarlands meðfram fyrirhuguðum hjóla- og göngustíg við strandlengjuna, þar sem hönnun og breidd á stígunum liggur ekki fyrir.

Þess vegna er ekki tímabært að fara út í breytingu á lóð að svo stöddu. Hins vegar eru áform um heildstæða hönnun á borgarlandi meðfram strandlengjunni og verður ykkar fyrirspurn skoðuð í því samhengi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

verkefnastjóri



Reykjavík